

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 39/2004

frá 23. apríl 2004

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2004 frá 6. febrúar 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/548/EB frá 24. júlí 2003 um lágmarkssamstæðu leigulína með samhæfða eiginleika og tilheyrandi staðla sem um getur í 18. gr. tilskipunarinnar um alþjónustu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5cm (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5cn. **32003 D 0548:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/548/EB frá 24. júlí 2003 um lágmarkssamstæðu leigulína með samhæfða eiginleika og tilheyrandi staðla sem um getur í 18. gr. tilskipunarinnar um alþjónustu (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2003/548/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 60 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 186, 25.7.2003, bls. 43.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*